

Sendandi:  
Aðalgeir Ásvaldsson, framkvæmdastjóri SVEIT

Dagsetning:  
6.nóvember. 2023

Númer og heiti þingmáls:

Efni: Umsögn SVEIT um frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði, 313 mál.

Samtök fyrirtækja á veitingamarkaði (SVEIT) hafa tekið til umsagnar frumvarp um félagafrelsi á vinnumarkaði. SVEIT telur nauðsynlegt að frumvarpið verði samþykkt og styður eindregið breytingar á gildandi lögum sem frumvarpið tekur til.

Markmið frumvarpsins er að veita launþegum þann sjálfsagða rétt að velja sér stéttarfélag, leggja bann við forgangsréttarákvæðum kjarasamninga og afnema greiðsluskyldu ófélagsbundina launþega ef launþegi kys að standa utan stéttarfélags.

Mikilvægt er að treysta launþegum til að taka ákvarðanir um eigin hagsmuni, slíkt frelsi myndi hvetja stéttarfélög til markmiðaðri starfsemi. Svo ekki sé minnst á að fylgja úrskurði mannréttindadómstóls Evrópu, þar sem skylduáðild og forgangsréttarákvæði stríða gegn réttindum um tjáningar og hugsanafrelsi. Þau réttindi eru bæði áskilin í stjórnarskrá Íslands og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Núgildandi vinnumarkaðslöggjöf er ekki í neinu samhengi við félagafrelsisákvæði stjórnarskrár Íslands né alþjóðasáttmála um félagafrelsi. Ákvæði vinnumarkaðslöggjafarinnar og úrelt hugmynd um forgangsréttarákvæði kjarasamninga brjóta því augljóslega í bága við stjórnarskrá Íslands og mannréttindasáttmála Evrópu.

Launþegar hér á landi eru í raun skyldaðir til að greiða í tiltekin stéttarfélög þrátt fyrir að vera ekki félagsmenn. Gjaldið er tekið af þeim en á sama tíma njóta þeir ekki sömu réttinda eða hafa atkvæðisrétt þegar kemur t.d. að vinnustöðvunum. Njóta þeir þ.a.l. ekki greiðslna úr verkfallssjóðum. Með öðrum orðum eru launþegar skyldaðir til að greiða félagsgjald en ef þeir kjósa að standa utan stéttarfélags öðlast þeir engin réttindi og eru því nauðbeygðir í verkfallspáttöku þess stéttarfélags vegna forgangsréttarákvæðis. Allir launþegar taka því þátt í aðgerðum stéttarfélags, hvort sem þeim líkar betur eða verr sem verður að teljast brot á atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrár Íslands.

Á samkeppnishæfum vinnumarkaði hefur launþegi rétt á því að velja hvort dregið sé af ráðstöfunartekjum hans stéttarfélagsgjald og hvort viðkomandi launþegi vilji yfir höfuð tilheyra viðkomandi stéttarfélagi.

Núverandi þvingun launþega, að störf þeirra „tilheyri“ tilteknu stéttarfélagi, er hvorki í anda lýðræðis, atvinnufrelsis né mannréttinda. Nauðsynlegt er að tryggja félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrár nr.33/1944. Þar er kveðið á um að engan megi skylda til aðildar að félagi. Undantekningin er að eingöngu sé slík skylda nauðsynleg svo félag geti sinnt lögmætu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.

Fjárhagsstaða stéttarféлага gefur ekki til kynna nauðsyn skylduadildar eða réttmætingu forgangsréttarákvæðis. Fordæmi frá Norðurlöndum sýna að slík þvingun er ekki nauðsynlegur grundvöllur fyrir starfsemi stéttarféлага. Rökleysa er að halda því fram að íslenskur vinnumarkaður lúti öðrum lögmálum. Íslenska ríkinu ber því að tryggja mannréttindi með því að tryggja félagafrelsi á íslenskum vinnumarkaði.

Opinber umræða og fréttáflutningur varðandi frumvarp um félagafrelsi hefur litast af ranghugmyndum og hræðsluáróðri verkalýðshreyfingarinnar um að frumvarpið sé aðför að hreyfingunni. Það er síður en svo. Vel rekið stéttarfélag þarf ekki að örvænta fyrirætluðum breytingum, heldur eru þær tækifæri til að veita félagsmönnum enn betri þjónustu.

Frumvarpið mun hvetja hreyfinguna í nútímalegri búning í stað þess skotgrafarhernaðs sem tíðkast hefur undanfarið. Sterk og skilvirk verkalýðshreyfing er samfélaginu mjög mikilvæg. Nauðsynlegt er að hún sé í takt við samfélagið, á samkeppnismarkaði og að félagsmenn sem leiða hreyfinguna séu þar af fúsum og frjálsum vilja er ekkert annað en lykiltríði.

SVEIT styður frumvarp um félagafrelsi heilshugar, áskilur SVEIT sér einnig rétt á frekari athugasemdum seinna í ferlinu og eru reidubúin að koma fyrir þingnefnd ef þess er óskað.

Dagsetning // 06. 11. 2023

Virðingarfyllst,



Aðalgeir Ásvaldsson, framkvæmdastjóri SVEIT.